

## Skólaráð Naustaskóla

8. fundur ársins 2013 þann 16. október 2013

### Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Áshildur Hlín Valtýsdóttir, Gísli Rúnar Magnússon og Vaka Óttarsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Aníta Jónsdóttir, Guðrún Huld Gunnarsdóttir og Yrsa Hörn Helgadóttir.

Fulltrúar nemenda: Eva María Sævarsdóttir og Helena Hrund Vignisdóttir

### Dagskrá og afgreiðslur:

- Matsáætlun / skorkort.** Rennt yfir hvaða matsgögnum er fyrirhugað að safna á skólaárinu, þ.e. sem nýtt eru við almennt mat á skólastarfinu. Þetta skipulag má finna í starfsáætlun skólans en frá upphafi hefur skólinn gefið út ársskýrslu þar sem tekið hefur verið saman mat og tillögur til úrbóta. Það sem er nýtt í gagnaöflun núna eru fyrst og fremst matslistar sem snúa að framkvæmd agastefnunnar og gagnkvæmar skólaheimsóknir til að leggja enn frekar mat á þau mál. Fram kom ábending að hugsanlega væri hægt að taka inn niðurstöður skimunarprófa, eins og td. Grp14, sem formlegan lið í matinu. Einnig rætt að vinna er hafin við að endurskoða og útfæra stefnu skólans og bæta þar við gæðaviðmiðum sem hugmyndin er að geti í framtíðinni nýst til leiðbeiningar við innra mat skólans, og sem hægt verði að nýta til að útbúa skorkort. Áætlað er að sú vinna verði vel á veg komin í janúar.
- Heimanám.** Rætt var um heimanám á síðasta fundi og í raun ekki miklu við það að bæta nema að stjórnendur þurfa að fara betur yfir útfærslur teyma á heimanámi, eins og þær birtast í starfsáætlunum teymanna.
- Starfshættir nemendaverndarráðs.** Farið yfir starfshætti og hlutverk ráðsins. Fram kom ábending um að hugsanlega mætti gera betur í að skýra út fyrir nemendum hvert þeir geti leitað eftir aðstoð. Fulltrúar nemenda á fundinum bentu á að þeim væru ljósar nokkrar leiðir t.d. umsjónarkennari, skólahjúkrunarfræðingur og námsráðgjafi. En þetta mál verður tekið upp á næsta fundi nemendaverndarráðs.
- Fjárhagsáætlun.** Skólastjóri kynnti stuttlega útlit og horfur fyrir næsta ár. Gengið er út frá sömu forsendum og undanfarið í fjárhagsáætlun grunnskólanna nema að sett hefur verið aukið fjármagn í sameiginlegan pott til að mæta langtímaforföllum. Hvað Naustaskóla varðar er gert ráð fyrir að fjöldi nemenda næsta haust verði lítillaga yfir 350 nemenda markinu, en þá bætist við úthlutun 20% stöðugildi námsráðgjafa og 37% úr stöðu í viðbót í stjórnun.
- Framkvæmdamál.** Lokið verður við framkvæmdir í miðrýminu um næstu mánaðamót og getum við þá tekið aðalinngang skólans í notkun sem þýðir að við getum fært stærstan hluta umgangs um núverandi aðalinngang þangað. Þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar voru við bílastæði eru langt komnar, vaknað hafa veikar vonir um að lokið verði við malbikun fleiri bílastæða í haust, það er þó alls óvíst. Að öllu óbreyttu verður svo ekki um frekari framkvæmdir að ræða í bili. Foreldrafélagið mun hefjast handa við gagnaöflun til undirbúnings þrýstingi á að íþróttahúsið verði klárað.

## 6. Önnur mál.

- a. **Starfsumhverfi nemenda, nýting á rýmum, sveigjanleiki o.fl.** Umræður um hvort að við séum að nýta nægilega vel þann sveigjanleika sem opnu rýmin vs/ lokuðu rýmin og teymiskennsla bjóða upp á.. Þetta er sífellt viðfangsefni hjá okkur sem við þurfum að halda áfram að ræða á öllum vágstöðvum..
- b. **Skólareglur.** Fyrirspurn um skólareglur og hvort ekki þurfi skýrari viðurlög við brotum t.d. úti í frímínútum o.s.frv. Unnið er að gerð formlegra skólareglna.

Næsti fundur áætlaður miðvikudaginn 13. nóvember kl. 8:10

Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð